

1870.
9. júlí.

norðanpósti, sem átti að leggja af stað frá Akureyri til Reykjavíkur í miðjum fyrra mánuði, og hafð þér jafnframt leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess, að senda mætti póst frá Norðurlandi til Reykjavíkur seinast í næsta mánuði, til þess að ná í fimtu póstskeipsferð, og farið fram á, að greiða mætti kostnaðinn til þessa, hérumbil 60 rd., úr jarðabókarsjóðnum.

Útaf þessu er yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að ekkert er því til fyrirstöðu frá hálfu stjórnarráðsins, að þér látið fara þessa póstferð, og verðum vèr, að því er kostnaðinn snertir, að vísa til bréfs stjórnarráðsins 23. f. m.

9. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skuldir andaðs umboðsmanns til ríkissjóðsins.

Samkvæmt tilhlutun stjórnarráðsins hafð þér, herra amtmaður, í bréfi 2. febrúar þ. á. skýrt frá, að í von um samþykki stjórnarráðsins hafð þér skipt niður umboðslaununum af Möðruvalla klaustri á fardaga-árunum 18^{67/68} og 18^{68/69} þannig, að annar helmingur umboðslaunnanna af landskuld og leigum á árinu 1868 sè veittur Sveini heitnum Þórarinssyni og ekkju hans, en hinn helmingurinn Jóni Gunnlaugssyni, sem var settur umboðsmaður fyrst um sinu, og að umboðslaununum af landskuld til fardaga 1869 sè skipt jafnt milli Jóns Gunnlaugssonar og umboðsmanns Þorsteins Danfællssonar.

Um leið og þér, herra amtmaður, þar næst getið þess, að þér samkvæmt sátttagjörð og fjárnámi hafð hlutast til um, að jarðir þær, sem Sveinn heitinn Þórarinsson hafði veðsett til tryggingar fyrir gjaldheimtum þeim, er hann hafði á hendi fyrir ríkissjóðinn, að undan teknum 10 hundruðum í Eyraalandi, sem bóndinn Kristinn heitinn Thorarensen fyrrum átti, verði seldar við opinbert uppboð 31. marzm. þ. á. til að borga með því skuldir tæðs Sveins Þórarinssonar til ríkissjóðsins, hafð þér sent hingað með álitsskjali sýslumanns bænar-skrá, þar sem bóndi *P. Chr. Petráus*, sem er giptur ekkju hins

1870.

9. júlí.

fyrra eiganda jarðarinnar, sækir um, að dómsmálastjórnin, þó hann hafi sætt á það, að nefnd skuld til ríkissjóðsins verði borguð af þeim 10 hundr. í jörðunni, sem veðsett voru, sleppi þessum veðrætti sínum, eða þá, hvernig sem svo fer, að með dómi verði skorið úr því, hvort eigi að selja jörðina. Þar sem sýslumaður í álitsskjali sínu fer fram á, sumpart að veðið, sem sagt var upp 26. maí 1867, aðeins geti verið til tryggingar þeim skuldum Sveins Þórarinssonar, sem uppá voru komnar til þessa dags, sumpart að sættir þær, sem sækjandi hefir gengið að, sè ógildar, er hann hafði ekki neina heimild frá skiptaréttinum í dánarbúi Kristins Thorarensens til að sættast á það fyrir hönd búans, að veðið yrði selt, hafði þær, herra amtmaður, látið í ljós, að með því að veðsetning fram fór með þeim skilmálum, að segja mætti upp veðinu með árs fresti, þá fylgi það af sjálfu sèr, að veðið nái til allra þeirra skulda, sem uppá eru komnar þangaðtil ár er liðið frá þeim degi, er veðinu var sagt upp, það er að segja í þessu tilfelli til 26. maí 1868, en aptur á móti segist þær ekki geta skorið úr því, hvort sáttagjörðin sè gild.

Útaf þessu gefst yður hërmed til vitundar, að eptir því, sem atvikast hefir, hefir stjórnarráðið ekkert á móti skiptingu yðar á umboðslauninum af Möðruvalla klaustri á fardaga-árunum 18⁶⁷/₆₈ og 18⁶⁸/₆₉. En að því er snertir spurninguna um, hvernig eigi að fara með jörðina Eyrarland, sem að nokkrum hluta er seld ríkissjóðnum að veði, gefst yður enn fremur til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þær kunngjörð það, að dómsmálastjórninni finnst ekki nein ástæða til að gefa gaum að bænarskrá Petráusar bónda, og skal þess þvínæst getið, að það er sjálfsgagt, samkvæmt því sem komið er þessu máli, að hlutaðeigandi embættismaður, sem er skuld í því, að manni hefir verið stefnt til sáttafundar í þessu máli, sem að sögn hefir verið þar óviðriðinn, verður að ábyrgjast allan þann skaða, sem ríkissjóðurinn getur haft af þessu, og leggur stjórnarráðið það fyrir yður, uppá eigin ábyrgð og þeirra embættismanna eða embættisþjóna, sem þær kynnuð að setja til þess að reka málið, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, eptir því sem málavextir nú eru, til þess að ríkissjóðurinn nái skuld sinni úr jörðunni, sem veðsett er, þareð skýrslum þeim, sem stjórnarráðið

1870.
9. júlí.

hefir fengið, er svo ábóta vant í mörgu og einkum í því, að þar sæst ekki, hver sè réttur eigandi að jörð þeirri, sem hær hefir verið getið um, svo að vèr sjáum oss ekki fært að tiltaka nákvæmlegar, hvernig eigi að fara með málið til þess að ná skuldinni.

9. júlí.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um hallæri í nokkrum hreppum í Þingeyjarsýslu.

Með bréfi, dagsettu 10. f. m., hafið þér, herra amtmáður, sent hingað sex bænarskrár, þar sem búendur í Saudaness, Svalbarðs, Presthóla, Kelduness, Húsavíkur og Helgastaða hreppum í Þingeyjarsýslu sækja um, að þeim verði veitt hlutdeild í þeim gjöfum, sem nefnd nokkur, er sett var til að afstýra hallæri á Íslandi, safnaði saman, eða þá að öðrum kosti að þeim verði veittur styrkur á annan hátt, til þess að komast hjá hættu fyrir hallæri að vetri komandi, og jafnframt þessu hafið þér, um leið og þér í almennum orðatiltækjum og án þess að nokkurt álitsskjal frá sýslumanninum fylgi með, vitnið að það sè satt, sem sagt er í bænarskránum, farið fram á, að ráðstafanir verði gjörðar til þess að útvega matvörur að hausti bæði handa hreppum þeim, sem nefndir voru, og ef til vill handa nokkrum öðrum sveitum, til þess að þær geti komizt hjá hallæri að vetri komandi.

Stjórnarráðið þykist mega í þessu efni gjöra ráð fyrir, að þér samkvæmt bréfi 3. septbr. f. á.¹ hafið sagt hlutaðeigendum til um það, að þeir geti ekki búizt við neinni hlutdeild í þeim hinum nefndu gjöfum, þareð öllu því er fyrir löngu ráðstafað, sem safnað var, og ef þér hafið ekki tilkynnt þetta áður, verður að mælast til þess, að þér þá nú birtið þeim það sem með þarf í þessu efni. En þar að auki skal þess getið, að svo ónógar skýrslur eru sendar með þessu máli, að stjórnarráðið hefir ekki með neinu móti getað gjört sèr hugmynd um, hvernig málinu í raun rætti sè varið.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 817.